

## Samkomulag Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) og Háskólans á Akureyri (HA) um rannsóknar- og kostnaðarreikningar:

Gert er samkomulag um að félagsmenn Félags háskólakennara á Akureyri sem eiga rétt á greiðslum úr vinnumatssjóði FHA fái til umráða rannsóknar- og kostnaðarreikning við skólann til að greiða ýmsan kostnað sem tengist starfinu.

### Markmið

Markmiðið með rannsóknar- og kostnaðarreikningunum er fyrst og fremst að styðja við og efla starf og rannsóknarvirgni félagsmanna FHA með rannsóknarskyldu. Starfsmenn geta nýtt framlagið til að bæta starfsaðstöðu, farið á ráðstefnur, námskeið og/eða greitt fyrir ýmsa þjónustu og kostnað tengdan starfi sínu.

### Hverjir eiga rétt á að hafa rannsóknar- og kostnaðarreikning

Félagsmenn í FHA sem eru í a.m.k. 50% starfi við HA við áramót að viðbættum þeim hópi sem er í 49% starfi samkvæmt sérstökum samningi samhliða töku lífeyris og falla undir matskerfi kennara og sérfræðinga og eiga þar með rétt á greiðslum úr vinnumatssjóði. Miðað er við að viðkomandi verði að vera í starfi við HA þegar framlagið er gert aðgengilegt á rannsóknar- og kostnaðarreikningnum.

### Framlög inn á rannsóknar- og kostnaðarreikning

Framlög inn á rannsóknar- og kostnaðarreikning ákvarðast fyrir 1. júní ár hvert og er framlagið gert aðgengilegt 1. september. Árið 2022 getur hámarks upphæð fyrir 100% starf numið 270.000 kr. ef viðkomandi uppfyllir eftirfarandi skilyrði.

(1) Skilar inn skýrslu í framtali starfa fyrir árið 2021 100.000 kr.

(2) Ef skilyrði (1) er uppfyllt og: Lektorar, dósentar og sérfræðingar séu með 10 eða fleiri rannsóknastig að meðaltali<sup>1</sup> síðustu þrjú eða fimm ár, aðjúnktar með 7 eða fleiri rannsóknastig að meðaltali<sup>1</sup> síðustu þrjú eða fimm ár 130.000 kr. til viðbótar.

(3) Uppfylli bæði skilyrði (1) og (2) 40.000 kr. til viðbótar<sup>2</sup>.

Upphæðin tekur mið af starfshlutfalli. Þannig getur upphæðin orðið mest 135.000 kr. fyrir 50% starf. Tekið er fram að framlagið er ekki persónuleg eign viðkomandi heldur á hann kost á að nýta það samkvæmt ákveðnum viðmiðum, sjá nánar að neðan. Hafi starfsmaður ekki nýtt framlag inni á rannsóknar- kostnaðarreikningi innan þriggja ára frá innlögnum þá fellur framlagið niður. Láti starfsmaður af störfum við HA þá fellur framlagið einnig niður.

<sup>1</sup> Fyrstu 3 ár í starfi hjá Háskólanum á Akureyri er ekki þröskuldur fyrir meðaltalið.

<sup>2</sup> Það er sameiginlegur skilningur aðila FHA og HA í samstarfsnefnd að endurskoðun fjárhæða getur hvort sem er leitt af sér hækkun eða lækkun.

Upphæðirnar sem nefndar eru í (1) og (2) fylgja fjárhæðum sambærilegra liða rannsóknar- og rekstrarframlags í Háskóla Íslands ár hvert.

Liður (3) er viðbótarliður ætlaður til að efla enn frekar rannsóknir og nýsköpun. Þessi upphæð skal endurskoðast í samráði við samstarfsnefnd FHA og HA með tilliti til hvernig kostnaður og árangur rannsóknar- og kostnaðarreikninga þróast. Fyrsta endurskoðun á lið (3) verður ekki seinna en árið 2025 og svo á þriggja ára fresti.

### Ráðstöfun á framlagi

Verkefnastjóri bókhalds og rannsóknarreikninga sér um að samþykkja og greiða út reikninga sem starfsmenn koma með (minnt er á að opinberar stofnanir taka einungis við rafrænum reikningum). Þegar reikningar eru samþykktir skal horfa til markmiða rannsóknar- og kostnaðarreikninganna og einungis er greitt fyrir það sem nýtist í starfi beint.

Það sem hægt er að nýta fjármagn inni á reikningunum er:

Tölvubúnaður til rannsókna og/eða kennslu (sé um uppfærslu á tölvubúnaði frá HA skal kennslumiðstöð vera höfð með í ráðum og vera upplýst um inneign á reikningi viðkomandi)

- Fagtímarit og fræði-/kennslubækur sem bókasafn HA kaupir ekki
- Ferðir á ráðstefnur og námskeið
- Birtingu greina
- Rannsóknaraðföng
- Prófarkalestur
- Þýðingar

Þessi listi er ekki tæmandi<sup>3</sup>.

Ekki er greitt meira út af rannsóknar- og kostnaðarreikningi en innistæða er fyrir.

Komi upp ágreiningur um hvort að kostnaður falli undir rannsóknar- og kostnaðarreikning þá er hægt að vísa þeim ágreining til samstarfsnefndar FHA og HA og er úrskurður hennar endanlegur.

Samkomulag þetta er staðfest rafrænt af samstarfsnefnd FHA og HA fyrir hönd Háskólans á Akureyri og Félags háskólakennara á Akureyri með fyrirvara um að lagfæringar á texta leiði ekki af sér breytingu á innihaldi. Rafrænar undirskriftir eru fylgiskjal með samkomulaginu.

---

<sup>3</sup> Með bættri starfsaðstöðu er átt við að starfsmaður geti lagt til fjármagn úr rannsóknarreikningi til að fjármagna búnað sem er umfram þau viðmið sem HA er með um búnað starfsmanna annað hvort að fullu eða hluta. Að hluta er til dæmis þegar tölva er endurnýjuð samkvæmt áætlun að þá getur starfsmaður farið fram á að fá öflugri tölva en viðmiðið er og borgað þannig mismuninn af rannsóknar- og kostnaðarreikningnum. Eins getur starfsmaður keypt sérhæfð forrit sem hann telur sig hafa not fyrir. Hins vegar ef forritin hafa verið til í HA áður og aðgengileg starfsmönnum og/eða forritin séu þess eðlis að þau eru nauðsynleg fyrir fleiri starfsmenn eða starfsemi HA, þá á HA að tryggja aðgengi starfsmanna að þeim forritum án kostnaðar.

# Undirritunarsíða

Harpa Halldórsdóttir

Hjördís Sigursteinsdóttir

Guðmundur Kristján Óskarsson

Auðbjörg Björnsdóttir

Guðlaug Þóra Stefánsdóttir

Helga María Pétursdóttir